

2298. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn mánudaginn 11. september 2023 og hófst kl. 15:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður (á teams, vék af fundi kl. 16:00), Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Forföll: Borghildur Sigurðardóttir varaformaður.

Mættur varamaður: Jón Sigurður Pétursson (tók sæti Borghildar Sigurðardóttur).

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Fundargögn:

- Jafnlaunastefna KSÍ
 - Erindi frá félögum í Lengjudeild um verðlaunafé
 - Erindi frá ÍTF vegna markaðsátaks
-

Stjórn KSÍ vottaði fjölskyldu, vinum og félögum Violetu Mitul í Einherja samúð sína.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2297
2. Fundargerðir nefnda og fréttir frá ÍTF
 - a. Orri V Hlöðversson flutti fréttir af vettvangi ÍTF og ræddi m.a. um vinnu við stefnumótun ÍTF, fréttabréf ÍTF og fréttir af auknu framlagi UEFA til félaga í efstu deild.
 - b. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
 - ✓ Mótanefnd 22. ágúst 2023
 - ✓ Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ 30. ágúst 2023
 - ✓ Mannvirkjanefnd 5. september 2023
3. Lög og reglugerðir
 - a. **Reglugerð um knattspyrnumót, ákvæði um þátttökutilkynningar:**

Stjórn samþykkti að gera breytingar á því hvenær þátttökutilkynningar í mót eigi að berast skrifstofu KSÍ. Breytingar feli í sér að þátttökutilkynningar í mót meistaraflokka skuli berast eigi síðar en 10. nóvember ár hvert en vegna móta yngri flokka skuli þátttökutilkynningar berast eigi síðar en 5. janúar ár hvert.

Samþykkt að fela LLR að ljúka við samþykktu breytingu og fella inn í reglugerð til samræmis.
 - b. **Reglugerð um umboðsmenn:**

Stjórn KSÍ samþykkti að fela LLR að klára að setja upp nýja reglugerð KSÍ um umboðsmenn í samræmi við reglugerð FIFA um umboðsmenn ([FIFA Football Agent Regulations](#)). Ný reglugerð skuli vera tilbúin og kynnt aðildarfélögum með dreifibréfi eigi síðar en 30. september nk. í samræmi við fyrirmæli í dreifibréfi frá FIFA.
 - c. **Varavellir:**

Stjórn KSÍ samþykkti að endurskoða kröfur sem gerðar eru fyrir varavelli í efstu deildum. LLR var falið að vinna tillögu að reglugerðarbreytingu á milli funda stjórnar.

4. Laugardalsvöllur

- a. Rætt um heimaleiki Breiðabliks á Laugardalsvelli. Stjórn KSÍ leggur áherslu á að vinna mál Breiðabliks í samstarfi við félagið og að nauðsynlegt sé að fá utanaðkomandi aðstoð. Stjórn KSÍ hefur miklar áhyggjur af grafalvarlegri stöðu Laugardalsvallar. Ljóst er að þörf er á tafarlausum og löngu tímabærum ráðstöfunum með aðkomu borgar og ríkis til að tryggja að bæði félagsslið og landslið getir spilað á vellinum yfir vetrarmánuðina. Málið verður unnið áfram á milli funda og kallað til aukastjórnarfundar ef þarf.

Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ vék af fundi.

- b. Rætt um næstu skref varðandi Laugardalsvöll og þær bráðaaðgerðir sem þarf að fara í til að gera völlinn leikhæfan. Valkostagreining nauðsynleg áður en lengra er haldið. Mannvirkjanefnd KSÍ var falið að vinna með málið á milli funda.

5. Móta- og dómaramál

- a. Rætt um að fá þau félög sem halda úrslitaleiki í mótum yngri flokka til að sjá um verðlaunafhendingu í viðkomandi móti.

6. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri KSÍ greindi stjórn frá því að kærunefnd jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu að Þróttur hafi brotið gegn lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði.
- b. *Stjórn samþykkti jafnlaunastefnu KSÍ sem er liður í því að ljúka umsókn um jafnlaunastaðfestingu í samræmi við ákvæði laga.*
- c. Lagt fram erindi frá félögum í Lengjudeildinni vegna verðlaunafjár en frekari umræðu frestað.
- d. Lagt fram erindi frá ÍTF vegna markaðsátaks en frekari umræðu frestað.
- e. Framkvæmdastjóri greindi stjórn frá því að U23 landslið Íslands væri á leið til Marokkó til að leika 2 leiki. Í ljósi mannskæðra jarðskjálfta í Marokkó hefur verið leitað ráðgjafar hjá utanríkisráðuneytinu varðandi ferðina.
- f. Ívar Ingimarsson formaður knattspyrnu- og þróunarnefndar gaf stjórn skýrslu um störf nefndarinnar.
- g. Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður gaf stjórn skýrslu um kynnisferð varaformanna og sviðsstjóra knattspyrnusviðs á nýjan þjóðarleikvang Lúxemborgar.

Næstu stjórnarfundir:

- 11. október kl. 16:00
- 31. október kl. 16:00, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)
- 25. nóvember, formanna- og framkvæmdastjórafundur
- 29. nóvember kl. 16:00
- 7. desember, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 17:00.